

Segja má að Laugarvatn komi með einhverjum hætti við sögu þegar stórir atburðir gerast í trúarlið Íslendinga, eins og t.d. þegar þjóðin tekur upp nýjan síð.

Pannig segir sagan að heiðnir menn af Sudurlandi hafi verið skírðir við Vigðulaug að Laugarvatni eftir kristnitökuna á Alþingi árið 1000. Þetta hafa menn fyrir satt, þó skírna þessara hafi ekki verið getið í söguskringum Hrafnss Gunnlaugssonar af hvítu Kristi í sjónvarpinu á dögunum.

Laugarvatn kom aftur við sögu þegar lúterskur síður var að ryðja kapólskum burt frá Íslandi. Garri hefur það eftir Laugvetningum að árið 1550 hafi nordanmenn heir, sem sóttu og grófu upp lík Jóns Arasonar og sona hans til að færa þau norður að Hólum, einmitt gert stans við Laugarvatn og laug að lík þessara stórmenna ur Vigðulaug. Hvort þessar upplýsingar Laugvetninganna eru byggðar á sögulegum grunni eða hvort þetta kom fram í einni af bíómyndum Hrafnss Gunnlaugssonar treystir Garri sér ekki til að skera út um.

ENN GERAST TIÐINDI AÐ LAUGARVATNI

Hitt er ljóst að enn á ný kemur Laugarvatn við sögu síðaskipta á Íslandi, þó þessi síðaskipti séu e.t.v. ekki eins afdrifarálk og i fyrrit tilfellunum og enn sé óljóst hvort yfirhöfuð hafi tekist að koma hinum nýja síð á, eða hvort hinn gamli ríkir enn.

Á landsfundum Kvennalistans á Laugarvatni um helgina var tekist á um two síði, annars vegar stelpupolítik og hins vegar strákapolítik. Þessir tveir síðir hafa síðan birst í afstöðunni til EES og eru þær konur, sem hlynntastar eru EES-samningnum, boðberar strákapolítikur á meðan andstæðingar EES eru gæslumenn stelpupolítikur.

Hin raunverulegu átök snúast því um hvort það hljóti ekki að teljast helgispjöll á hinni semi-



GARRI

nísku ritningu að feministasamtökum, hinn kynreiini kvennaflokkur, taki upp karlapolítik hæði í afstöðu til ytri þjóðfélagsmála og innri skipulagsmála. Deilan snýst m.ð.o. um það hvort hægt sé að hafa karlapolítiskan Kvennalista.

LJÓSVEΤNINGAGOÐINN

Eins og oft vill verða með trúarlegar deilur, á hinn óbreytti með-almaður erfitt með skilning á floknum og nákvænum ótfærslum á guðssönnunum. Á það við um Garra. Hins vegar gafst taeki-féri til að horfa á brot af umræðunni í sjónvarpi og það þurfti ekki eftir gáfnajós til að sjá að í henni var svo mikill tilfinningahiti að margar konurnar munu hafa brostið í grát af geðshræringu einni saman undir ræðuhöldum. Slikt mun óþekkt í polítiðskum karlaflokkum, en svipuð viðbrögð munu algeng undir prédikunum Gunnars Þorsteinsonar í Krossinum. Pó niðurstaða landsfundarins á Laugarvatni hafi verið nokkuð loðin, er ljóst að leið Porgeirs Ljósveτningagoða var farin, en

með ófugum formerkjum. Hinum nýja síð hefur verið hafnað í öllum aðalatriðum, en þó verður heim kvennalistakonum sem það kjósa, konum eins og Ingibjörgu Söl-ránu Gísladóttur sem verið hefur kapólskari en Jón Arason í Evrópumálum, heimilað að blóta sína karlapolítik á laun.

Pannig skapaðist nú um helgina nýrðið „laumu-karlapolítikus“, en sú nýrðasmíð byggir á sögulegum málfarsgrunni, enda var orðið „laumu-kommi“ vel þekkt í málínu hér á árum áður. En aðalatriðið er að Kvennalistinn hefur komist frá þessum fundi án þess að rjúfa fríðinn í hreyfingunni. Það var því ekki síður vegna áhrifa frá þrúgandi sögu Laugarvatns en frá ýmiss konar nýaldardulhyggju og Hare Krishna blómabarnagúðspeki að Kvennalistinn lét skirast að loknum fundi, eins og DV greinir frá í gær. Í blaðinu er birt mynd eftir PÖK þar sem skírnarathöfnin sést og segir m.a. í myndtexta að: „Guðrún Agnarsdóttir fyllti skál með vatni úr Laugarvatni og það konur að dýfa hendi í vatnið, bera hana að enni og brjósti næstu konu og segja eitthvað jákvætt að lokum til takns um heilindi og hlyju.“

Garri